

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykholts í Biskupstungum 1989-2009, Biskupstungnahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 25. ágúst 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Laugaráss og Skálholts í Biskupstungum 1989 - 2009, frá 27. júní 1990.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar:

- verslunarlóð á suðvesturhorni þjóðveggar og Norðurbrúnarveggar stækka til suðurs og vesturs,
- garðyrkjulóðir norðan íþróttavallar breytast í opin svæði til sérstakra nota,
- íbúðabyggð vestan íþróttavallar breytist í opin svæði til sérstakra nota,
- svæði opinberra stofnana vestan Skólavegar breytist í opið svæði til sérstakra nota,
- garðyrkjulóð á suðausturhorni Skólavegar og þjóðveggar breytist í verslun og íbúðabyggð,
- íbúðarhúsalóð á vesturhluta Dalbrúnar breytist í iðnaðar- og garðyrkjulóð,
- garðyrkjulóð við enda Norðurbrúnarveggar breytist í íbúðarhúsalóð,
- opið svæði til sérstakra nota sunnan Fljótsholts breytist í íbúðasvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Biskupstungnahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 25. ágúst 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 591

31. ágúst 1999

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

Að fenginni samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyja og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50 frá 1987 er hér með sett eftirfarandi regla um umferð í Vestmannaeyjum: Stöðvunarskylda er á Heiðarvegi gagnvart umferð um Kirkjuveg í Vestmannaeyjum.

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, 31. ágúst 1999.

Karl Gauti Hjaltason.